



FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTIÐ - VELFERÐARVAKTIN
KOSTNAÐUR FYRSTA ÁRS NEMENDA Í FRAMHALDSSKÓLUM -
VEFUMRÆÐUBORÐ

DESEMBER 2019



MARKMIÐ OG FRAMKVÆMD	4
HELSTU NIÐURSTÖÐUR	5
SAMANTEKT	6
1. AÐ BYRJA Í FRAMHALDSSKÓLA	6
1.1. VEL EÐA ILLA	6
1.2. FYRSTA VAL	6
1.3. VAL Á SKÓLA	6
1.4. NÝNEMAKYNNING	7
1.5. ERFITT AÐ BYRJA	7
1.6. GERT AUÐVELDARA	7
1.7. ÞEKKTIR ÞÚ EINHVERN ÁÐUR	8
1.8. MUNUR MILLI GRUNN- OG FRAMALDSSKÓLA	8
1.9. HVAÐ VAR ÓVÆNT	8
2. KOSTNAÐUR	9
2.1. ÁHRIF KOSTNAÐAR Á VAL Á FRAMHALDSSKÓLA	9
2.2. HVAÐ SKÓLAR ERU DÝRIR/ ÓDÝRIR	9
2.3. ÁHYGGJUR EÐA VANDRÆÐI VEGNA KOSTNAÐAR	9
2.4. KOSTNAÐUR VIÐ AÐ HEFJA NÁM	10
2.5. ÁÆTLAÐUR KOSTNAÐUR	10
2.6. LÆKKUN KOSTNAÐAR	11
3. NÁMSBÆKUR	11
3.1. KOSTNAÐUR NÁMSBÓKA	11
3.2. NÝJAR, NOTAÐAR OG RAFRÆNAR NÁMSBÆKUR	11
3.3. SLEPPT NÁMSBÓKUM	11
3.4. ÁSTÆÐA ÞESS AÐ SLEPPT HEFUR VERIÐ VIÐ KAUP Á NÁMSBÓKUM	12
3.5. RAFRÆNAR EÐA HEFÐBUNDNAR NÁMSBÆKUR	12
3.6. NOTKUN RAFRÆNNA BÓKA	12
3.7. HVER GREIÐIR FYRIR NÁMSBÆKUR	12
3.8. VORU ERFIÐLEIKAR VIÐ AÐ KJÚFA KOSTNAÐ VIÐ NÁMSBÓKARKAUP	13
4. ANNAÐ	13
4.1. VINNA MEÐ SKÓLA	13
4.2. ÁSTÆÐA VINNU MEÐ SKÓLA	13
4.3. MÁNAÐARLEG ÚTGJÖLD	13
4.4. PENINGAR FRÁ FORELDNUM / FORSJÁRAÐILUM	14
4.5. KYNNING Á ÞJÓNUSTU	14
4.6. HVAÐA ÞJÓNUSTA VAR KYNNT	14
4.7. ÞJÓNUSTA VEGNA ANDLEGRAR LÍÐAN	14



4.8.	ÞJÓNUSTA VEGNA FÉLAGSLEGRA ERFIÐLEIKA	15
4.9.	AÐSTOÐ VIÐ HEIMANÁM	15
4.10.	FLEIRI ATHUGASEMDIR	15
5.	HEILDARUMRÆÐA	16



Rannsókn þessi er gerð af Maskínu fyrir Velferðarvaktina, sem skipuð er af félags- og barnamálaráðherra. Hún er hluti af stærra verkefni sem lýtur að því að skoða kostnað við að hefja framhaldsskólanám bæði með augum nemenda og skólameistara. Í þessari rannsókn er farið yfir margt sem viðkemur því að hefja nám í framhaldsskóla. Hér er talað við unglinga á fyrsta ári í framhaldsskólum.

Allir framhaldsskólar landsins voru beðnir um að útvega 6 einstaklinga á fyrsta ári í sínum skóla. Mjög langan tíma tók að safna nemendum til þátttöku en að lokum skiluðu 21 skóli inn nöfnum yfir 100 unglinga og var þeim öllum boðin þátttaka. Mjög mikil þátttaka var í boðinu en 86 einstaklingar svöruðu, flestir öllum spurningunum en örfáir aðeins nokkrum. Starfsmaður Maskínu stjórnaði vefumræðuborðinu, hvatti þátttakendur sem ekki komu reglulega inn á borðið til að taka þátt og lét alla vita þegar nýjar spurningar komu inn. Áður en borðinu var lokað var jafnframt send hvatning á alla þátttakendur.

Spurningar, sem unnar voru í samvinnu fulltrúa Velferðarvaktarinnar og Maskínu, voru settar inn þegar borðið var opnað. Hver þátttakandi gat komið inn á borðið þegar honum hentaði og svarað spurningum eða gert athugasemdir við það sem aðrir höfðu skrifað. Mælt var til þess að þátttakendur kæmu inn á borðið a.m.k. tvisvar sinnum á sólarhring og gerðu flestir það yfir allt tímabilið.

Hver þátttakandi fékk dulnefni, hljómsveitarheiti, sem hann gekk undir á meðan umræða á borðinu stóð yfir. Svörin í heildarumræðunni hér á eftir eru undir þessum dulnefnum en einnig kemur fram við hvert svar kyn og frá hvaða skóla viðkomandi er.

Það skal ítrekað að þessi rannsókn er eigindleg og því ekki leitast við að álykta um skoðanir allra út frá skoðunum þeirra sem tóku þátt í vefumræðuborðinu. Þvert á móti er ætlunin að fá innsýn í upplifun þessa tiltekna hóps, gefa þátttakendum tækifæri til að tjá hug sinn og kanna þarfir þeirra. Skoðanir þátttakenda í vefumræðuborðinu endurspeglar þannig ekki skoðanir annarra.

Hér á eftir er samantekt á svörum þátttakenda og í kjölfarið er umræðan birt í heild sinni. Þar má sjá allar spurningar og svör þátttakenda í sömu röð og þeir svöruðu í vefumræðuborðinu. Einnig sjást spurningar frá stjórnanda borðsins þar sem hann hvetur þátttakendur til að útskýra nánar svör sín og svör þátttakenda við þeim fyrir neðan. Þátttakendur gátu skrifað athugasemdir við svör annarra en þátttakendur gátu ekki séð svör hinna fyrr en þeir höfðu sjálfir skrifað sitt svar en einhverjir fóru svo aftur inn í svör sín og bættu við eða breyttu. Höfundar skýrslunnar hafa lagfært innsláttarvillur þátttakenda og í sumum tilvikum lagað málfar en ekki breytt neinu í merkingu textans.

Reykjavík, 13. desember 2019.

Með þökk fyrir gott samstarf,

Þóra Ásgeirsdóttir.



Enginn þátttakandi sagði að það hefði verið erfitt **að hefja nám í framhaldsskóla**. Þó var tæplega helmingur sem viðurkenndi að það hefði verið erfitt að byrja í framhaldsskóla bæði af félagslegum ástæðum og einnig vegna þess að námið væri meira krefjandi. Það sem hjálpaði flestum í gegnum upphafið voru að vinirnir voru til staðar. Langflestir voru í þeim skóla sem hafði verið þeirra fyrsta val. Staðsetning skiptir mjög miklu máli um val á skóla, sem sé hverfisskólarnir á höfuðborgarsvæðinu og skólinn sem er næst heimili á landsbyggðinni. Önnur svör sem komu nokkrum sinnum fyrir voru að elta vinina eða komast í nýtt umhverfi, gott félagslíf eða vegna ákveðinna námsbrauta sem skólinn býður uppá. Allur þorri nemenda hefur fengið nýnemakynningu.

Langflestir segja að **kostnaður** hafi ekki skipt máli þegar þeir völdu framhaldsskóla, enda virðast margir ekki vita hver kostnaðurinn er eða hafi litlar áhyggjur af kostnaði eða peningum. Verzló er sá skóli sem langoftast er nefndur sem dýr skóli en fáir aðrir eru nefndir oftast en einu sinni. Margir nefna háan kostnað við að vera á heimavist og einnig kom fram að verknám gæti verið dýrt. Þó virðist kostnaður, þótt hár sé að mati hópsins, ekki standa í þessu unga fólki og margir nefna að foreldrar eða fjorsjármaðilar sjái um allan kostnað. Það er þó nokkuð ljóst að það kostar nokkur hundruð þúsund að hefja nám í framhaldsskóla og einnig að ungmennin hafa litlar fjárhagsáhyggjur í langflestum tilvikum. Hæstu útgjaldaliðir eru skóla- og/eða innritunargjöld og bókakaup hjá flestum. Á hinn bóginn eru langstærstu útgjaldaliðirnir sem tengjast heimavist hjá þeim sem búa við slíkan kost. Þótt ungmennin greiði fæst úr eigin vasa eru þau sammála um að það væri góður kostur að lækka eða afnema námsgagnakostnað framhaldsskólanema.

Þegar spurt var frekar um **námsbækur** segja flestir að það sé mismunandi eftir fögum hversu hár kostnaðurinn sé, íslenska og raungreinar séu dýrustu fögin en stærðfræði ódýrust. Notaðar bækur eru keyptar í meiri mæli en nýjar og í sumum fögum virðast rafbækur vera að ryðja sér til rúms, en um fimmtungur svarenda segist eiga einhverja bók á rafrænu formi. Þeir sem hafa sleppt því að kaupa námsbækur, sem eru fáir, hafa gert það vegna kostnaðar eða að bókin sé uppseld. Hefðbundnar námsbækur þykja í fleiri tilvikum betri en rafrænar bækur, betra að taka með sér bók „... en alla tölvuna“. Sumir héldu því þó fram að það færi eftir fögum, tungumál væru heppilegri fyrir rafbækur en t.d. stærðfræði. Meirihluti svarenda notar enga rafræna bók við námið en mjög mismunandi er hversu hlutfall þeirra sem nota einhverja rafræna bók er hátt eða kannski frekar lágt, því flestir nefna fáar rafrænar bækur. Flestir bera ekki kostnað sjálfir af námsbókunum, þó ekki sé það óþekkt. Þeir sem bera kostnað segja að kostnaðurinn sé mikill og sé í sumum tilvikum erfitt að kljúfa hann.

Annað sem fram kom var að um helmingur þátttakenda vinnur með námi og segja flestir að það sé vegna þess að þeir vilji eiga meiri peninga fyrir ýmsum útgjöldum, mat, föt, strætó o.s.frv. Flestir segjast eyða 10.000 eða 20.000 á mánuði. Lægsta upphæð sem nefnd var er 1.000 kr. og hæsta 160.000 kr.

Meira en helmingur þátttakenda segir að boðið sé upp á aðstoð við heimanám í þeirra skóla.



1. AÐ BYRJA Í FRAMHALDSSKÓLA

1.1. VEL EÐA ILLA

Almennt séð hversu vel eða illa hefur þér gengið að byrja í framhaldsskóla?

Augljóst er að langflestum nemendum gekk mjög vel að aðlagast að nýjum skóla. Engum svaranda sagðist hafa gengið illa að byrja í framhaldsskóla. Margir svöruðu að þeir hefðu verið streittir að byrja. Þessi streita stafaði meðal annars af nýjum skóla og nýjum nemendum. Nokkrir svöruðu að fyrstu dagarnir hefðu verið erfiðir en svo hefði gengið mun betur.

1.2. FYRSTA VAL

Var þessi framhaldsskóli sem þú ert í fyrsta val hjá þér? Ef ekki, hvern valdir þú í fyrsta val?

- Langstærsti hluti svarenda er í þeim framhaldsskóla sem var í fyrsta vali, eða 73 talsins.
- Einn nemandi í Flensborg fékk hvorki fyrsta val sem var Verzlunarskólinn, né annað sem var Menntaskólinn við Sund og endaði í því þriðja.
- 11 nemendur fengu ekki fyrsta val og sættu sig við annað val. Það skiptist eftirfarandi:
 - Er í Fjölbrautarskóla Garðabæjar. Valdi Verzlunarskólann fyrst.
 - Er í Fjölbrautarskóla Suðurnesja. Valdi Fjölbrautarskóla Garðabæjar fyrst.
 - Er í Borgarholtsskóla. Valdi Menntaskólann við Sund fyrst.
 - Er í Borgarfirði. Valdi Menntaskólann í Hamrahlíð fyrst.
 - Er í Menntaskólanum í Hamrahlíð. Valdi Verzlunarskólann fyrst.
 - Er í Flensborgarskólanum. Valdi Fjölbrautarskóla Garðabæjar fyrst.
 - Er í Fjölbrautarskóla Suðurnesja. Valdi Menntaskólann við Sund fyrst.
 - Er í Fjölbrautarskóla Suðurnesja. Valdi Menntaskólann að Laugarvatni fyrst.
 - Er í Fjölbrautarskóla Garðabæjar. Valdi Verzlunarskólann fyrst.

1.3. VAL Á SKÓLA

Hvað réði mestu í vali þínu á framhaldsskóla?

- Nemendur svöruðu mörgum misjöfnum ástæðum fyrir vali þeirra á framhaldsskóla.
- Flestir sögðust hafa valið skólann sinn vegna nálægðar.
 - Hverfisskólinn hjá nemendum á höfuðborgarsvæðinu.
 - Stutt keyrsla í næsta skóla hjá fólki á landsbyggðinni.
- Einnig voru margir sem völdu sinn skóla vegna námsins. Einhver ákveðin braut sem þau vildu komast á eða höfðu heyrt að skólinn byði upp á gott nám.
- Þó nokkrir sögðust hafa elt vini og vinkonur í framhaldsskóla.
- Á mótí voru nokkrir sem vildu tilbreytingu og að komast í nýtt umhverfi og kynna nýju fólki.
- Nokkrir völdu skólann sinn út af öflugum félagslífi sem hann býður uppá.
- Mörg önnur svör komu fram:
 - Söngleikurinn í skólanum.
 - Bekkjarkerfi.
 - Sveigjanleiki í námi.
 - Systkini mín höfðu farið í skólann.
 - Kórinn.
 - Sálfræðiáfangar.
 - Afreksbrautin.
 - Góð kynning.
 - Fámennur skóli.
 - „Peningar og aðstæður...!“
 - Búfræðisvið.
 - Góð tilfinning.
 - Íþróttir.



1.4. NÝNEMAKYNNING

Fékkst þú nýnemakynningu á móttökuáætlun þegar þú byrjaðir í skólanum, og ef svo er hvernig var þeirri kynningu háttað?

Flestir nemendur sögðust hafa fengið nýnemakynningu á móttökuáætlun þegar þau hófu nám við skólann. Svör voru mjög lík og algengast var að þessi kynning samanstæði af ávarpi frá skólameistara, kynningu á skólanum og skólaháttum, skoðunarferð um skólann og hópefli með eldri nemendum. Aftur á móti voru sjö nemendur sem sögðust ekki hafa fengið nýnemakynningu. Þó bentu svör skólafélaga þeirra til að sú kynning hefði farið fram.

- Einn nemandi á Laugum sagðist ekki hafa fengið kynningu.
 - Þrír nemar frá Laugum sögðust hafa farið í ferðalag með skólanum.
 - Annar nemandi frá Laugum sagði: „Já, hún var ekki bara fyrir námið eða skólann, heldur til að fá alla til þess að kynna. Fyrstu dagarnir voru fullir af leikjadagskrá og nokkrum kynningum fyrir námið og skólann.“
- Ein úr Vestmannaeyjum sagðist einungis hafa fengið hópefli frá nemendafélaginu.
 - Aftur á móti voru fimm frá Vestmannaeyjum sem sögðust hafa fengið góða nýnemakynningu.
- Ein frá framhaldsskólanum á Tröllaskaga sagðist hafa fengið kynningu í lok grunnskólans. Eftir að skólinn byrjaði, lærðu nýnemar af eldri krökkum.
 - Aftur á móti voru fjórir nemendur frá framhaldsskólanum á Tröllaskaga sem sögðust hafa fengið nýnemakynningu þar sem skólinn og kennarar voru kynntir fyrir nemendum.
- Ein úr Borgarholtsskóla sagðist ekki hafa fengið neina nýnemakynningu.
 - Tveir úr Borgarholtsskóla sögðust hafa fengið nýnemakynningu.
- Þrír nemendur frá Framhaldsskólanum á Húsavík sögðust ekki hafa fengið nýnemakynningu þegar þeir byrjuðu í skólanum. Einn nemandi þar sagðist hafa fengið kynningu á skólanum þegar hann var í 10. bekk.
 - Tveir nemendur frá Húsavík sögðust hafa farið í örtíma og fengið námsáætlanir.

1.5. ERFITT AÐ BYRJA

Var eitthvað sem þér fannst erfitt við að byrja í framhaldsskóla? Ef svo, geturðu sagt hvað?

- Svör við þessari spurningu skiptust nokkuð jafnt niður. Rúmur helmingur svarenda fannst ekkert erfitt við að byrja í framhaldsskóla. Margir þeirra þekktu nemendur fyrir og höfðu kynnt sér skólann vel.
- Tæplega helmingi svarenda þótti eitthvað erfitt við að byrja í framhaldsskóla. Flestum þeirra þótti einungis erfitt að aðlagast í byrjun námsins. Eftirfarandi svör voru gefin við hvað var erfitt í byrjun:
 - Nýr staður.
 - Nýir krakkar.
 - Meira heimanám.
 - Að læra á Innu og Moodle.
 - Viðbrigði frá grunnskóla.
 - Vera yngstur.
 - Að þurfa að eignast nýja vini.
 - Að vera svona langt að heiman.
 - Rata um nýjan skóla.
- Nokkrum nemendum þótti mjög erfitt að byrja í framhaldsskóla.
 - „Að ganga illa í náminu, eignast vini og að vera lögð í einelti.“ Sagði nemandi í Verkmenntaskólanum á Akureyri.
 - „Já, kennari sem lagði nemendur í einelti og annar sem heldur að nemendur kunni allt og vill að nemendur falli í áfanganum hjá sér.“ Sagði nemandi í Vestmannaeyjum.
 - „Já. Ég var ekkert stressuð fyrir að mæta í skólann fyrsta daginn en svo man ég að það var alltaf erfiðara og erfiðara og erfiðara að mæta vegna þess að ég var mikið í tímum þar sem ég þekkti engan og ég var ein. Ég man að ég beið alltaf eftir að klukkan væri orðin akkúrat á þeim tíma sem tíminn byrjaði af því að mér fannst svo erfitt að labba á göngunum og allir að horfa á mig eina. En mér líður vel í dag og er búin að komast rosalega mikið út fyrir þægindarammann sem ég tel þroskandi.“ Sagði nemandi á Sauðárkróki.

1.6. GERT AUÐVELDARA



Var eitthvað sem gerði það auðveldara að byrja í framhaldsskóla?

- Langflestir svarendur sögðu að það sem hefði hjálpað þeim mest var að vinir þeirra og vinkonur hefðu farið með þeim í skólann. „Vinir mínir eru hérna“ svaraði stelpa á Egilsstöðum. Flestir svöruðu í sama dúr. Einnig áttu margir vini í skólanum fyrir.
- Önnur svör um hvað hjálpaði nýnemum að byrja í framhaldsskóla voru fjölbreytt:
 - Margir nýnemar í sömu stöðu og ég.
 - Ég var búin að taka einn áfanga í skólanum.
 - Góðir kennarar.
 - Fyrirverandi reynsla úr fjarnámi.
 - Foreldrar mínir hjálpuðu mér að koma mér af stað.
 - Meira frelsi í skólanum.
 - Grunnskólinn minn var krefjandi og það gerði breytinguna yfir í framhaldsskóla auðveld.
 - Nýnemakynningin.
 - Skemmtilegt fólk.
 - Kennarar eru hjálpsamir.
- 12 nemendur gátu ekki nefnt neitt sem gerði þeim auðveldara fyrir að byrja í framhaldsskóla.

1.7. ÞEKKTIR ÞÚ EINHVERN ÁÐUR

Þekktir þú einvern/ einhverja í skólanum áður en þú byrjaðir?

- Níu nemendur þekktu engann í skólanum áður en þau byrjuðu.
- Allir hinir þekktu einhvern í skólanum, hvort sem það voru vinir eða fjölskyldumeðlimir.

1.8. MUNUR MILLI GRUNN- OG FRAMALDSSKÓLA

Hver finnst þér vera mesti munurinn á grunnskóla og framhaldsskóla?

- Flestir svarendur tóku það fram að mesti munurinn á grunnskóla og framhaldsskóla væri það að námið væri þyngra í framhaldsskóla. Erfiðari verkefni og meira heimanám.
- Margir svarendur tóku fram að það væri meira „frelsi“ í framhaldsskóla. Nemendur sjá sjálfir um námið sitt og hafa meiri valmöguleika á hvað þeir vilja læra.
- Önnur svör voru fjölbreytt:
 - Námið er skemmtilegra.
 - Stærri skóli.
 - „Kennsluáferðirnar. Mér líður eins og að í framhaldsskólanum sé kennarinn bara með klukkutíma ræðu um námsefnið sem er ekki hjálpleg leið til að læra þetta.“
 - Meiri notkun á tölvum.
 - Ekki bekkjarkerfi.
 - Meira félagslíf.
 - Nemendur ekki eins nánir kennurunum.

1.9. HVAÐ VAR ÓVÆNT

Var eitthvað sem kom þér á óvart við að byrja í framhaldsskóla?

- Flestir svarendur, eða 42, fundu ekkert sem kom þeim á óvart við að byrja í framhaldsskóla.
- Það sést á svörum margra nemenda að þeim þótti framhaldsskóli mun skemmtilegri en þeir bjuggust við. Sumir voru mjög streittir á að byrja í framhaldsskóla. Svo kom í ljós að þeim þótti þetta skemmtilegt. Ein frá Suðurnesjum hafði þetta að segja: „Það er miklu auðveldara en maður er látinn halda í grunnskóla. Grunnskólakennarar tala mikið um það hversu erfitt og krefjandi framhaldsskólanámið er, og hversu strangir kennararnir eru, en það sem ég hef tekið eftir frá því ég byrjaði er það að þetta er í raun alls ekki jafn erfitt og talað er um. Svo lengi sem þú passar að skipuleggja þig vel, vinna verkefni og taka eftir í tíma, þá ertu í góðum málum.“
- Aðrir nemendur höfðu eftirfarandi að segja:
 - Félagslífið.
 - „Hversu oft kennararnir eru veikir.“



- „Magnið af frítíma.“
- „Hvað kennararnir eru skemmtilegir.“
- „Fljótur að eignast vini“.
- Margir nemendur.“
- „Hversu dýr sjoppa er.“
- Tveir svarendur voru ekki sáttir við byrjunina. Ástæðan var:
 - „Nei eiginlega ekki. Nema hversu slæmir sumir kennarar eru.“
 - „Ég hélt að það væri betra félagslíf og að það væri ekki mikið um baktal í skólanum.“

2. KOSTNAÐUR

2.1. ÁHRIF KOSTNAÐAR Á VAL Á FRAMHALDSSKÓLA

Skipti kostnaður við að byrja í framhaldsskóla máli þegar þú valdir þér skóla?

Einungis fjórir nefna að kostnaður hafi skipt einhverju máli þegar þeir völdu framhaldsskóla. Svo virðist vera sem þar sé heimavist og það sé það sem ungmennin líta til. Einn nemandi í MH sagði að hann hefði aldrei borgað þá upphæð sem hefði kostað að fara í Verzló og nokkrir segjast ekki vita hvað kostar að vera í framhaldsskóla.

2.2. HVAÐ SKÓLAR ERU DÝRIR/ ÓDÝRIR

Eru að þínu mati ákveðnir skólar sem eru dýrir eða ódýrir, og hvaða skólar eru það?

Það er einn skóli sem er lang oftastur nefndur sem dýr skóli, yfir 30 manns telja hann dýran (Verzló). Hér að neðan eru nokkur ummæli um hann. Aðrir skólar sem nefndir eru einu sinni eða oftast sem dýrir eru MA (Menntaskólinn á Akureyri), MR (Menntaskólinn í Reykjavík), Kvennó (Kvennaskólinn í Reykjavík) og Framhaldsskólinn á Laugum. Nokkrir benda líka á að það sé dýrt að vera á heimavist. Einnig er nefnt að verklegt nám sé dýrt.

Skólar sem nefndir eru sem ódýrir eru hverfisskóli (óskilgeint), FÍV (Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum), Fjölbautaskóli Suðurnesja, fjölbautaskólar, Framhaldsskólinn á Tröllaskaga, Fjölbautaskólinn á Akranesi, Borgó (Borgarholtsskóli), MH (Menntaskólinn við Hamrahlið).

- „Mér finnst Verzló alltof dýr sem skemmdi alveg hugmyndina að fara í hann þótt FS var alltaf fyrsta valið mitt.“
- „Framhaldsskólinn á Laugum heyrði ég að væri dýr þegar ég skoðaði hann.“
- „Já hverfisskólar eru oftast ódýrari og skólar eins og Verzló og MR eru dýrari.“
- „Það er dýrara að vera á vist heldur en heima hjá sér t.d.“
- „Held bara að heimavistaskólar séu lang dýrastir. Ímynda mér líka að Verzló sé dýr skóli.“
- „Já, Verzló er náttúrulega eitthvað djók.“
- „Já sumir skólar eru dýrari þar sem þeir eru einkaskólar eða þú ert kannski að borga fyrir heimavist.“
- „Maður þekkir einkaskóla eins og Verzló fyrir það hve dýrt er að skrá sig inn í hann, en ég veit svo sem ekki mikið um ódýra framhaldsskóla á landinu annað en þann sem ég er skráð í, sem er samsagt Fjölbautaskóli Suðurnesja.“
- „FÍV er ódýr.“
- „Ég hef bara ekkert hugsað mikið út í það. Það væri örugglega dýrara að vera langt í burtu frá heimilinu sínu, vegna aksturs og margt fleira.“
- „Hjá mér eru tveir skólar. MA og VMA. MA er ekki beint dýr, það fer bara eftir tölvu vali. En social standards á fötum og öðru eru high.“

2.3. ÁHYGGJUR EÐA VANDRÆÐI VEGNA KOSTNAÐAR

Er kostnaðurinn við að hefja nám í framhaldsskóla það mikill að það valdi þér vandræðum eða áhyggjum?

Langflestir segjast ekki hafa áhyggjur vegna kostnaðar við að hefja nám í framhaldsskóla. Þeir sem nefna vandræði tengja það annað hvort við að þurfa að búa fjarri heimili og aka á milli eða að búa á heimavist. Hins vegar eru nokkrir sem nefna bóka kaup sem kostnað sem þeir hafa áhyggjur af. Hér að neðan eru nokkur ummæli sem tengjast þessum þáttum.



- „Já því ég þarf að keyra á milli eða tala skólarútu.“
- „Já það veldur mér miklum áhuggjum. Ég þurfti að sækja um vinnu og byrja að spara rosa mikið.“
- „Nei ekkert sérstakleg nema kannski við innkaup á námsgögnum og bókum og borga skólagjöld getur verið stressandi ef þú ert í Versló t.d.“
- „Já, ég þarf að borga fyrir skólann að hluta til og það er svolítið stressandi að hugsa um það hversu dýrt það er í rauninni að vera á heimavist.“
- „Nei ekki beint. En námsbækurnar eru mjög dýrar.“
- „Já, peningaleysi veldur mér miklum áhyggjum og getur það valdið mér ómeðvituðu þunglyndi.“
- „Ég hef smá áhyggjur af verði bókanna frekar en skólagöngunni sjálfri.“
- „Kostnaðurinn er mjög mikill. Það veldur mér ekki áhyggjum eða vandræðum en mér finnst þetta of mikil upphæð.“

2.4. KOSTNAÐUR VIÐ AÐ HEFJA NÁM

Hver telur þú að kostnaðurinn fyrir þig hafi verið við að byrja í framhaldsskóla?

Flestir sem nefna upphæðir tala um u.þ.b. 20-40 þúsund. Þó eru nefndar tölur niður í 15 þúsund og upp í 150 þúsund og upp í 500 þúsund með heimavist fyrir önn.

2.5. ÁÆTLAÐUR KOSTNAÐUR

Getur þú áætlað hvað eftirfarandi hafi kostað við upphaf námsins? *Skólagjöld, innritunargjöld, námsbækur, matur pr. dag, böll á vegum skólans, aðrir viðburðir á vegum skólans og annað sem þú hefur þurft að greiða fyrir.*

Gíðarlega mismunandi er hversu háum upphæðum ungmennin segjast verja þegar þau hefja nám. Dýrasti hlutinn eru skólagjöld og/eða innritunargjöld, bókakaup og svo heimavistargjöld eða gjöld sem tengjast því að búa ekki heima. Hér að neðan er listi yfir flest það sem nefnt var og upphæðir, annars vegar sú lægsta og hins vegar sú hæsta. Líklegt er að í einhverjum tilvikum rugli þau saman skólagjöldum og innritunargjöldum sérlega í ljósi þess að í reglugerð um innritunargjöld kemur fram að innritunargjald skuli aldrei vera hærra en 12.000 kr. á skólári eða 6.000 kr. á önn, en heimilt sé að taka 25% hærra gjald af þeim sem fá leyfi til innritunar utan auglýsts innritunartíma. Upphæðirnar sem ungmennin nefndu fyrir skólagjöld voru frá kr. 13.000 upp í 178.000 í Verzló. Innritunargjöld voru líka allmismunandi frá kr. 5.000 upp í 50.000. Þá vörðu þau á bilinu kr. 9.000 til 70.000 í bókakaup. Böllin kosta yfirleitt kr. 2.000–3.500 en mismunandi er hversu mörg þau eru (einhverjir sögðu engin böll). Nokkrir nefndu kr. 5.000–7.000 í aðra viðburði eða annað ótilgreint. Nýnemaferð í Verzló kostar kr. 3.000 og einn nemandi í MA nefndi að ferð í áfanga kostaði kr. 5.000.

Umræðan um mat var allt frá því að þau væru með nesti að heiman og legðu því ekki út neinn kostnað upp í að vera í mötuneyti með þrjár máltíðir á dag. Oft voru nefndar tölur frá kr. 700 til 1.000 um stakar máltíðir en u.þ.b. kr. 2.500 sem matarkaup á dag. Þá voru einnig nokkrir sem töluðu um kostnað upp á kr. 250-350 þúsund sem er þá líklega matarkostnaður á önn eða ári.

Annað sem nefnt var er rakið hér fyrir neðan eins og gjald fyrir þvottahús, verkfæragjald, heimavistargjald og fleira í kr.

- Skólagjöld 13.000 - 178.000.
- Innritunargjöld 5.000 - 50.000.
- Þjónustugjald á önn 5.000.
- Námsbækur 9.000 - 70.000.
- Böll / árshátíð 2.000 – 3.500.
- Aðrir viðburður 7.000
- Annað 5.000
- Ferðir í áföngum 0-5.000
- Matur í hádeginu 700-2.500 á dag.
- Leigujald á heimavist 20.700 - 25.000 á mánuði
- Aðgangur að Smásaga.is 2.000 á mánuði
- Heimavistargjald 65.000



- Þvottahús 31.000.
- Nemendafélagsgjald 10.000
- Verkfæri 18.000.
- Nýnemaferð (Verzló) 3.000.

2.6. LÆKKUN KOSTNAÐAR

Heldur þú að það væri jákvætt ef kostnaður á námsgögnum í framhaldsskólum væri lækkaður eða afnuminn?

Langflestir telja það jákvætt að lækka kostnað á námsgögnum framhaldsskólanema. Tveir til þrír töldu þetta ekki vera til góðs og einn þeirra vildi fá „peninga inn á markaðinn“. Einn nefndi að hann vissi ekki um neinn sem ekki hefði farið í framhaldsskóla vegna kostnaðar en nokkrir töldu að fleiri myndu fara í framhaldsskóla ef kostnaðurinn væri minni og jafnvel enginn. Hér eru nokkur ummæli þátttakenda um þessi atriði:

- „Það mætti það alveg, en samt var ekki mikið mál að kaupa bækurnar.“
- „Já það myndi líklega auðvelda einhverjum, en ég veit ekki um neinn sem hefur ekki farið í framhaldsskóla útaf kostnaði.“
- „Nei peningar inn á markaðinn er góður hlutur“.
- „Já algörlega, það eru margir sem fara ekki í áframhaldandi nám vegna kostnaðar í því og þeir hafa ekki tök á því.“
- „Já ég mundi telja það mjög jákvætt að kostnaður yrði lækkaður og jafnvel afnuminn. Held að það mundi hvetja fleiri til að fara í framhaldsskóla og minnka streitu og álag nemenda og/eða foreldra að þurfa ekki að passa að eiga fyrir skólaáhöldum og bókum“.
- „Já það væri jákvætt að hann væri lækkaður en óþarfi að leggja kostnaðinn alveg niður“.

3. NÁMSBÆKUR

3.1. KOSTNAÐUR NÁMSBÓKA

Er kostnaðurinn við námsbækur mismunandi eftir fögum? Ef svo er, í hvaða fögum eru bækurnar dýrastar og í hvaða fögum eru þær ódýrastar?

Flestir svarenda sögðu að kostnaðurinn væri mismunandi eftir fögum þó að ekki hafi allir tekið undir það og sumir sögðust einfaldlega ekki vita hvort kostnaðurinn væri mismunandi. Íslenska og raungreinarnar voru nefndar af þó nokkrum sem dýrasta fagið og stærðfræði hvað oftast sem ódýrasta fagið. Það var þó mjög mismunandi á milli svarenda hvað þeim fannst dýrasta og ódýrasta fagið.

Bent var á að í sumum áföngum þyrfti að kaupa margar bækur og kostnaðurinn þ.a.l. meiri í þeim en það virtist ekki einskorðast við ákveðið fag.

Nokkrir nemendur sögðust einungis vera með rafrænar bækur í ákveðnum fögum og því enginn kostnaður við námsbækur. Einn nemandi sagði „Erum ekki mikið að nota bækur. Námsefni fer langmest fram í gegnum tölvur.“

3.2. NÝJAR, NOTAÐAR OG RAFRÆNAR NÁMSBÆKUR

Af þeim námsbókum sem þú átt geturðu áætlað fyrir okkur hversu margar eru nýjar, hversu margar eru notaðar og hverstu margar eru rafrænar?

Margir nemendur nota ýmist nýjar eða notaðar bækur en þær síðarnefndu eru þó í meirihluta. Sumir taka fram að þeir kaupi nýjar bækur þegar þeir finni ekki eða geti ekki keypt notaða bók. Um fimmtungur svarenda segist vera með einhverja bók á rafrænu formi. Þeir sem eiga þannig bók eiga þó flestir aðeins eina slíka.

3.3. SLEPPT NÁMSBÓKUM



Hefur þú sleppt því að kaupa einhverjar námsbækur sem þér er ætlað að nota?

Langstærsti hópur svarenda segist aldrei hafa sleppt því að kaupa einhverjar námsbækur. Flestir þeirra sem sögðust einhverntímann hafa sleppt því að kaupa námsbók sögðu það ekki hafa gerst oft.

3.4. ÁSTÆÐA ÞESS AÐ SLEPPT HEFUR VERIÐ VIÐ KAUP Á NÁMSBÓKUM

Af hverju hefur þú sleppt því að kaupa námsbækur?

Langflestir segjast aldrei hafa sleppt því að kaupa námsbók en ástæðurnar voru:

- Vegna kostnaðar.
- Bók uppseld í landinu.
- Kennarinn hefði tekið það fram seint á önninni að nemendur þyrftu að kaupa hana.
- Notaði frekar hljóðbók.

3.5. RAFRÆNAR EÐA HEFÐBUNDNAR NÁMSBÆKUR

Hefur þú skoðun á því hvort þér finnst betra að nota rafrænar bækur eða hefðbundnar námsbækur?

Rúmlega helmingur svarenda er á því að hefðbundnar bækur séu betri en rafrænar en aðrir segja til jafns að það skipti ekki máli eða að rafrænar séu betri.

Kosturinn við hefðbundnar bækur umfram rafrænar er talinn vera sá að þær eru þægilegri og halda nemendum betur við efnið. Einn nemandi sagði að það væri óþægilegt að vera lengi í tölvu og því væru hefðbundnar námsbækur betri og annar sagði kost að geta tekið bók með sér eitthvert „án þess að þurfa að taka alla tölvuna“. Þó nokkrir sögðust einungis hafa prófað að nota hefðbundnar námsbækur og/eða væru vanari þeim.

Rafrænar voru sagðar umhverfisvænni, kostur að geta leitað með „CTRL+F“ til að leita af texta og glósað beint inn í bækurnar ef þær eru gagnvirkar. Að auki sögðu nemendur það ekki vera neina hættu á að gleyma bókum heima ef þær eru allar rafrænar og gott væri að þurfa ekki að burðast með þungar bækur.

Sumir sögðu það fara eftir fagi hvort rafrænar eða hefðbundnar námsbækur séu betri en tungumálafög var talið heppilegt fag fyrir rafrænar bækur en stærðfræði óheppilegt fag.

3.6. NOTKUN RAFRÆNNA BÓKA

Ertu að nota rafrænar bækur í námi þínu á fyrsta ári og hversu hátt er hlutfall rafrænna bóka?

- Meirihluti svarenda er ekki að nota neina rafræna bók í náminu.
- Um 20 nemendur nota einungis eina rafræna bók í náminu. Þeir tveir sem tjáðu skoðun sína á rafrækinni sögðu:
 - „Já er að nota eina rafræk og það er ekki gaman eða þægilegt að nota hana.“
 - „Er eingöngu með eina lesbók rafræna. En það er vegna þess að skólinn bauð ekki uppá hærra hlutfall.“
- Hjá nokkrum nemendum var hlutfallið fleiri en ein rafræn bók en minna en 50%.
- Fimm nemendur sögðust mest nota rafrænar bækur. Þeir nemendur koma þó úr mismunandi skólum, þ.e. af Suðurnesjum, FG, Tröllaskaga og Vesturlandi.
- Einn nemandi sagðist nota venjulegar bækur og hljóðbækur.

3.7. HVER GREIÐIR FYRIR NÁMSBÆKUR

Kaupir þú námsbækurnar þínar fyrir þinn eigin pening eða hjálpar einhver þér með kostnaðinn?

Svör við þessari spurningu skiptist í þrennt.

- Foreldrar og fjölskyldumeðlimir um 50 nemenda borguðu bækurnar að fullu fyrir nemendur.



- Um 10 nemendur borguðu einhverjar bækur sjálfir og fengu aðstoð hjá fjölskyldu til að greiða afganginn.
- Um 20 nemendur greiddu bækurnar sjálfir að fullu.

3.8. VORU ERFIÐLEIKAR VIÐ AÐ KJÚFA KOSTNAÐ VIÐ NÁMSBÓKARKAUP

Var erfitt fyrir þig að kaupa námsbækur vegna kostnaðar?

- Fimm nemendum þótti erfitt að kaupa námsbækur vegna kostnaðar.
- Þó voru margir nemendur sem svöruðu því að það hafi ekki verið erfitt, en hefðu kosið að námsbækurnar væru ódýrari. Ein úr MH hafði þetta að segja: „Það var ekki beinlínis erfitt því að ég þurfti á þeim að halda, en var það ekki gaman að sjá allan þennan pening fara.“
- Hinum svarendum þótti það ekki erfitt eða tóku það fram að þau hefðu ekki keypt þær sjálf.

4. ANNAÐ

4.1. VINNA MEÐ SKÓLA

Vinnur þú með skóla?

- Ríflega 40 svarendur vinna hlutastarf með skóla. Þetta eru mismunandi störf en flestir vinna við þjónustu-, afgreiðslu- eða þjálfunarstörf. Flestir vinna um helgar.
- Örfáir vinna fleiri en eitt starf með skóla.
- Hartnær 40 vinna ekki með skóla.

4.2. ÁSTÆÐA VINNU MEÐ SKÓLA

Hvers vegna vinnur þú með skóla?

- Langflestir svöruðu að þeir ynnu með skóla einungis til þess að eiga aukapening.
- Þó voru einnig aðrar ástæður fyrir því:
 - „Til að geta keypt bíl.“
 - „Gaman að vinna við það sem mér finnst skemmtilegt.“
 - „Þarf að geta borgað fyrir mat og strætó.“
 - „Til að eiga pening til að greiða fyrir skólann.“
 - „Því ég er bara á þeim tímapunkti að ég þarf að vinna til að lifa og gera það sem ég vil, ég er 16 ára og ég fæ ekki allt í hendurnar lengur.“
 - „Því mér finnst gott að vita að peningurinn sem ég er að eyða er ekki allur foreldra minna.“
 - „Safna fyrir bíl og til að geta keypt mér föt.“
 - „Gott að eiga pening og safna fyrir háskóla.“

4.3. MÁNAÐARLEG ÚTGJÖLD

Hvað myndir þú áætla að þú eyðir miklum peningum að jafnaði á hverjum mánuði?

- Svör við þessari spurningu voru mjög misjöfn. Lægsta upphæðin sem var nefnd var 1.000 kr. og sú hæsta var 160.000 kr.
- Sex svarendur gátu ekki áætlað hvað þeir eyddu að jafnaði á mánuði.
- Meðaltalsupphæð sem nemendur gáfu upp var hátt í 30.000 kr.
- Flestir svarendur nefndu upphæð á bilinu 10.000–30.000 kr.
- Lægsta gildi: 1.000 kr.
- Hæsta gildi: 160.000 kr.
- Meðaltal: 28.000 kr.
- Miðgildi: 17.500 kr.
- Tíðasta gildi: 10.000 kr. og 20.000 kr.



4.4. PENINGAR FRÁ FORELDNUM / FORSJÁRAÐILUM

Færð þú reglulega t.d. vikulega eða mánaðarlega framfærslu (peninga) frá foreldrum eða forsjáraðilum þínum?

- Um 4 svarendur fá ekki peninga frá foreldrum eða forsjáraðilum sínum.
- Um 25 fá reglulega framfærslu.
- 10-15 svarendur fá peninga frá foreldrum sínum ef þeir (börnin) eru blönk eða þurfa pening til að borga kostnað af einhverjum viðburði.

4.5. KYNNING Á ÞJÓNUSTU

Fékkst þú kynningu á þeirri þjónustu sem skólinn býður upp á?

- Langflestir nemendur fengu kynningu á þeirri þjónustu sem skólinn býður upp á.
- 5 nemendur muna ekki hvort þeir fengu kynningu eða ekki.
- 6 nemendur sögðust ekki hafa fengið kynningu á þeirri þjónustu sem skólinn býður upp á.

4.6. HVAÐA ÞJÓNUSTA VAR KYNNT

Hvaða þjónusta var kynnt?

- Algengasta þjónustan sem var kynnt nemendum var:
 - Námsráðgjafar.
 - Sálfræðingar.
 - Prófþjónusta.
 - Stoðtímar.
 - Nemendafélagið.
 - Hjúkrunarfræðingar.
 - Heilsugæsla.
- Önnur svör:
 - Tölvukall.
 - Tölvukerfið.
 - Námsstyrkir.
 - Bókasafnsaðstaða.
 - Mötuneytið.
 - Heimavist.
 - Íþróttasæðstaða.
 - Reglur og hefðir skólans.
 - Þvottaþjónusta.
 - Gangaverðir.
- 18 nemendur muna ekki eftir kynningunni eða fengu ekki kynningu.

4.7. ÞJÓNUSTA VEGNA ANDLEGRAR LÍÐAN

Er í þínum skóla einhver þjónusta við þá sem finna fyrir kvíða eða annarri andlegri vanlíðan og hvernig er henni háttað?

- Sú þjónusta sem flestir nemendur nefndu:
 - Námsráðgjafar.
 - Sálfræðingar.
 - Hjúkrunarfræðingur.
 - Félagaráðgjafar.



- Sérstök aðstoð við prófkviða.
- Um 15 nemendur telja að skólinn bjóði ekki upp á slíka þjónustu eða vita ekki af henni.

4.8. ÞJÓNUSTA VEGNA FÉLAGSLEGRA ERFIÐLEIKA

Er í þínum skóla einhver þjónusta við þá sem eiga í félagslegum erfiðleikum og hvernig er henni háttað?

Svör við þessari spurningu voru nánast alveg þau sömu og við spurningunni á undan.

4.9. AÐSTOÐ VIÐ HEIMANÁM

Býður skólinn þinn upp á aðstoð við heimanám og hvernig er henni háttað?

- Rúmlega helmingur nemanda sagði að skólinn þeirra bjóði þeim upp á aðstoð við heimanám. Þessi aðstoð er misjöfn milli skóla en algengustu svörin eru:
 - Kennarar eru alltaf tilbúnir að hjálpa nemendum.
 - „Smiðjur“ í FG. Þar fá nemendur hjálp við námið.
 - Eldri nemendur bjóða upp á stoðtíma fyrir nýnema.
 - Skólaráðgjafi hjálpar nemendum að skipuleggja sig betur.
 - Einn nemandi á Ísafirði skrifaði: „Ég held að það heiti fjölsmiðjan. Þar getur maður farið og fengið hjálp við námið.“
 - Skipulagðir vinnutímar með kennurum.

4.10. FLEIRI ATHUGASEMDIR

Hefur þú einhverjar fleiri athugasemdir um það hvernig það er að byrja í framhaldsskóla?

- Flestir höfðu enga athugasemd og töldu að allt hefði komið fram í fyrri svörum.
- Nokkrir vildu bara taka það fram hversu gaman þeim þætti í framhaldsskóla.
- Sumir komu með aðrar athugasemdir, svo sem:
 - „Það er frekar stressandi.“ Sagði stelpa frá Laugum.
 - „Bara að hafa húmor fyrir sjálfum þér, taka lífinu ekki of alvarlega, skila verkefnum á réttum tíma og mæta á alla viðburði og ef þér er boðið með eitthvert. Það styrkir sjálfstraustið svo mikið og þú verður alltaf meira og meira öruggur.“ Sagði stelpa frá Sauðárkróki.
 - Einn strákur frá Vestmannaeyjum sagði allt eftirfarandi:
 - „Hvað kennarar tóku misvel á móti manni.
 - Sumir kennarar sýndu manni áhuga á meðan aðrir gerðu það ekki.
 - Sumir kennarar nenna ekki að kenna lengur og eru bara áskrifendur að laununum sínum.
 - Kennari sem leggur nemendur í einelti.
 - Misgóðir kennsluhættir.“
 - „Þeir sem eru aftastir í stafrófinu verða seinast valdir í áfanga sem sökkar fyrsta árið.“ Sagði stelpa frá Snæfellsnesi.
 - „Mér persónulega finnst alveg mjög illa gert þetta kerfi að hafa 3 ár í stað 4. Námið er allt of þröngt og maður verður virkilega bara dofinn andlega. Annað hvort að lengja árin, plana betur námið eða bara breyta aftur í 4 nema að maður vilji taka 3. Margar aðferðir hvernig kennarar kenna að mínu mati eru úreltar, bara allt of hörð á að engin tækni er í gangi í stað þess að nýta tæknina í námið (eða fatta að krökkunum líður betur að vera með lága tónlist í eyrunum). Mér finnst líka sögukennari minn vera með of mikinn "bias" í stað þess að leyfa krökkunum að læra og að mynda sínar eigin hugsanir. Mér finnst að krakkarnir ættu að fá að vera veik heima en ekki þurfa að dröslast í skólan hóstandi og veikjandi alla aðra í kringum sig. Skólinn ætti að vera opin fyrir nýjum hugmyndum og aðferðum sem krakkar koma með. Læra að mynda hugmyndir, tala um efnið, aðeins rifast um það og þá fá allir meiri og dýpri skilning á efninu. Líka myndi það bæta vellíðan og skemmtun í skólanum. Leyfa okkur að verða að fullorðnu fólki og leyfa okkur að læra samskipti.“ Þetta sagði strákur í Menntaskólanum á Akureyri.



5. HEILDARUMRÆÐA

5.1. ÍMYND/ÁSÝND

Almennt séð, hversu vel eða illa hefur þér gengið að byrja í framhaldsskóla?

Rascal Flatts (Skóli: Suðurnes, Kyn: kk)

Mjög vel, margir nýir vinir og gengur vel á prófum..

Moses Hightower (Skóli: ME, Kyn: kvk)

Mér hefur gengið óvenju vel.

Spice Girls (Skóli: FG, Kyn: kk)

Mér hefur gengið mjög vel að byrja í framhaldsskóla. Frá fyrsta deginum kynntist ég skemmtilegu fólki og við urðum að góðum félögum sem hjálpaði bæði mér og þeim mjög mikið.

Led Zeppelin (Skóli: MA, Kyn: kvk)

Bara ágætlega, mikil viðbrigði.

Maskína

Hver eru mestu viðbrigðin?

Led Zeppelin (Skóli: MA, Kyn: kvk)

Nýr skóli og nýr bekkur.

Sturla Atlas (Skóli: FG, Kyn: kk)

Það hefur bara gengið mjög vel.

Alice Cooper (Skóli: Borgarnes, Kyn: kvk)

Það hefur bara gengið mjög vel.

Rammstein (Skóli: Suðurnes, Kyn: kk)

Vel.

Radiohead (Skóli: Suðurnes, Kyn: kk)

Mjög vel.

Red Hot Chili Peppers (Skóli: VMA, Kyn: kvk)

Bara vel en samt alveg þínu erfitt að kynnst fólki. Sérstaklega þegar maður er með kvíða.

Aerosmith (Skóli: Borgarnes, Kyn: kk)

Mér hefur gengið mjög vel. Var frekar stressaður þegar ég byrjaði, var í litlum grunnskóla og ég þekkti ekki neinn sem var í menntaskóla Borgarfjarðar. En ég er búin að vera að kynnst krökkum og gengur bara mjög vel heilt yfir litið.

Earth, Wind & Fire (Skóli: Húsavík, Kyn: kk)

Ég var mjög stressaður fyrst því ég vissi í rauninni ekkert hvað ég var að fara út í en núna líkar mér ágætlega.

Fifth Harmony (Skóli: Húsavík, Kyn: kvk)

Vel.

Boyz II Men (Skóli: Sauðárkrókur, Kyn: kvk)

Mér hefur gengið mjög vel að aðlaga mig að námi og starfi skólans.

Mumford & Sons (Skóli: ME, Kyn: kvk)

Fyrstu dagarnir voru virkilega erfiðir fyrir mér. Er með mikinn kvíða og kom hann sterkt inn fyrstu dagana. En þegar leið á, fór þetta alltaf að vera auðveldara og auðveldara. Núna í dag finnst mér virkilega gaman í skólanum.

Florence and the Machine (Skóli: Ísafjörður, Kyn: kvk)

Mér hefur gengið ágætlega.

**Joy Division (Skóli: MA, Kyn: kvk)**

Bara svona frekar vel. Það er mikið nýtt sem þu þarft að læra en annars bara mjög vel.

Yes (Skóli: Borgarholtsskóli, Kyn: kk)

Alveg nokkuð vel. Ég nefninlega stóð mig ekki það vel í 10. bekk en samt stóð ég mig nógu vel til að komast í Borgó. Einkunnirnar mínar eru núna mun betri í öllu nema íslensku. Ég er með mun betri einkunnir og mætingu og enda er það vegna þess að ég valdi braut og efni sem ég hef áhuga á og finnst gaman að læra um.

The Smiths (Skóli: Versló, Kyn: kk)

Vel, að mestu leyti.

Sugarcubes (Skóli: FG, Kyn: kvk)

Mér hefur gengið ágætlega myndi ég segja. Ég hef áhuga á því sem ég er að gera hvort sem það er leiklist eða íslenska. Sem er nýtt því ég hef aldrei þolað íslensku en nuna er gaman í henni. Ég er búin að fá mjög finar einkunnir þó sumar verri en maður vill en það hefur gengið mjög vel.

Memfismafían (Skóli: VMA, Kyn: kk)

Var smá stressaður fyrst, nýr skóli og allt saman en með tímanum þá leið mér nokkuð vel.

Yungen (Skóli: Borgarholtsskóli, Kyn: kvk)

Mér hefur gengið mjög vel að byrja í framhalskóla.

Arctic Monkeys (Skóli: Borgarnes, Kyn: kvk)

Nokkuð vel.

The Who (Skóli: Versló, Kyn: kvk)

Mér leið bara vel enda var ég mjög spennt. Samt fannst mér þetta mjög stressandi og fyrst um sinn. Mér fannst ég ekki tengja við neinn og dagarnir voru mjög þreytandi vegna hversu nýtt allt var.

Boston (Skóli: Sauðárkrókur, Kyn: kk)

Mér hefur gengið mjög vel.

Japan (Skóli: Laugar, Kyn: kk)

Mjög vel.

R.E.M (Skóli: Suðurnes, Kyn: kvk)

Ég myndi segja að það hefur gengið mjög vel að byrja í framhaldsskóla.

Nirvana (Skóli: Laugavatn, Kyn: kvk)

Rosalega vel, bara framar mínum björtustu vonum:).

Beastie Boys (Skóli: Vestmannaeyjar, Kyn: kk)

Mér hefur gengið mjög vel.

New Order (Skóli: Laugavatn, Kyn: kk)

Ég var mjög stressaður að fara í framhaldsskóla. Þessi skóli er líka heimavistaskóla og ég hef ekki verið svona langt í burtu frá mömmu.

Def Leopard (Skóli: Snæfellsnes, Kyn: kk)

Mér hefur gengið mjög vel í framhaldsskólanum og er mjög sáttur með hvernig hann virkar.

Bob Dylan (Skóli: Sauðárkrókur, Kyn: kvk)

Bara nokkuð vel.

Green Day (Skóli: Laugar, Kyn: kvk)

Mér finnst það hafa bara gengið mjög vel.

Fugazi (Skóli: Laugar, Kyn: kvk)

Mér hefur gengið bara nokkuð vel.

Jefferson Airplane (Skóli: Laugar, Kyn: kvk)

Mér hefur gengið vel.

**Blink 182 (Skóli: Vestmannaeyjar, Kyn: kk)**

Mér hefur gengið nokkuð vel fyrir utan vesen á 2 kennurum í skólanum.

Sykur (Skóli: Flensborg, Kyn: kvk)

Bara mjög vel.

Sonic Youth (Skóli: FG, Kyn: kvk)

Bara ágætlega.

Daft Punk (Skóli: Snæfellsnes, Kyn: kk)

Mér gengur bara mjög vel í skólanum og er það búið að ganga vel allan tíman sem ég hef verið í framhaldsskóla.

The Beatles (Skóli: Flensborg, Kyn: kk)

Bara vel.

GDNR (Skóli: Laugar, Kyn: kvk)

Mér hefur gengið mjög vel að byrja í framhaldsskóla, miðað við nýtt umhverfi og að kynna nýju fólk.

Auður (Skóli: Borgarnes, Kyn: kk)

Mér hefur gengið frekar vel að aðlagast að framhaldsskóla.

The Hollies (Skóli: MH, Kyn: kk)

Það var svolítið erfitt fyrstu dagana. Ég missti af strætó fyrsta daginn og mætti þess vegna seint. Þegar að ég mætti voru flestir sestir við borð, og voru að spjalla. Sem betur fer tók ég upp á því að fara til einstaklinga af handahófi og kynna þeim. Fyrir tilviljun kynntist ég þá þeim hópi sem ég með núna. Einkum hef ég stundað fjarnám þannig að námið var ekkert frábrugðið því sem ég þekki. Allt í allt var þetta ekki svo erfitt.

Blue (Skóli: Sauðárkrúkur, Kyn: kvk)

Mér hefur gengið vel en þetta tekur allt tíma. Það tekur tíma að átta sig á þessari rútínu og að koma sér inn í félagslíf og öllu því sem tengist skólanum. En það er virkilega gaman þegar líða fer á 2-3 vikuna. Þá ættirðu að vera komin með öryggi og líða vel í umhverfinu. Ef ekki- er alltaf einhver til að leiðbeina þér eða hjálpa.

Baggalútur (Skóli: Vestmannaeyjar, Kyn: kvk)

Mér hefur gengið mjög vel yfir höfuð að byrja í framhaldsskóla. Mer finnst þetta hriiikalega gaman en einnig krefjandi.

The Police (Skóli: MK, Kyn: kvk)

Mér hefur gengið mjög vel frá því að ég byrjaði í skólanum.

The Script (Skóli: MK, Kyn: kvk)

Mér leið bara vel.

Dire Straits (Skóli: Húsavík, Kyn: kvk)

Mjög vel.

Duran Duran (Skóli: Húsavík, Kyn: kvk)

Mjög vel.

Kraftwerk (Skóli: MA, Kyn: kk)

Mér gengur vel og hef eignast marga nýja vini. Stærðfræðin er samt alveg sérstaklega krefjandi í 3 ára kerfinu.

PJ Harvey (Skóli: Húsavík, Kyn: kk)

Mér hefur bara gengið mjög vel að byrja.

Destiny's Child (Skóli: Húsavík, Kyn: kvk)

Mér finnst mér hafa gengið vel.

Pink Floyd (Skóli: Tröllaskagi, Kyn: kvk)

Bara mjög vel 😊.

Of Monster and men (Skóli: Laugavatn, Kyn: kvk)

Mér hefur bara gengið mjög vel að byrja í framhaldsskóla.

**OutKast (Skóli: Tröllaskagi, Kyn: kvk)**

Mér hefur gengið mjög vel.

AC/DC (Skóli: Borgarnes, Kyn: kk)

Vel.

The Clash (Skóli: MH, Kyn: kvk)

Mjög vel.

Poco (Skóli: Tröllaskagi, Kyn: kk)

Bara mjög vel.

Supertramp (Skóli: Flensborg, Kyn: kvk)

Það hefur byrjað vel, svolítið stressandi fyrst samt.

The Rolling Stones (Skóli: MK, Kyn: kk)

Nokkuð vel.

Jethro Tull (Skóli: MA, Kyn: kvk)

Bara nokkuð vel.

Hljómur (Skóli: Vesturland, Kyn: kk)

Ég var alls ekki stressaður, mér gæti samt gengið töluvert betur í náminu mínu þótt mér gangi alveg ágætlega, það er bara rosalega erfitt að koma a nýjan stað og læra aðrar aðferðir tengdar umhverfinu.

The Animals (Skóli: Flensborg, Kyn: kvk)

Mjög vel.

The Bee Gees (Skóli: Flensborg, Kyn: kk)

Ég held að mér hafi bara gengið ágætlega. Fyrst var ég frekar stressaður og var ekki alveg viss hvernig þetta virkaði og fékk því frekar slappa einkunn á einu af fyrstu prófunum. En þegar ég var búinn að átta mig á þessu þá byrjaði allt að ganga betur allavega fyrir mig.

Blondie (Skóli: Vestmannaeyjar, Kyn: kvk)

Bara frekar vel.

Maroon 5 (Skóli: ME, Kyn: kk)

Vel.

The Cars (Skóli: Kvennó, Kyn: kvk)

Mér hefur gengið mjög vel. Það hafa komið upp einstaka vandamál en það koma alltaf upp einhver vandamál þegar eitthvað nýtt hefst. Ég er líka mjög þakklát fyrir að hafa verið í grunnskóla sem lagði miklar kröfur á nemendur sína sem leiddi til þess að þetta var auðveldari breyting en fyrir suma aðra.

U2 (Skóli: Borgarholtsskóli, Kyn: kvk)

Mér gengur bara mjög vel í skólanum, að byrja var mjög skemmtilegt en smá krefjandi.

B.B. King (Skóli: Vestmannaeyjar, Kyn: kvk)

Mjög vel.

Pearl Jam (Skóli: Tröllaskagi, Kyn: kk)

Mér hefur gengið ágætlega. Þetta var miklu léttara en ég bjóst við.

Coldplay (Skóli: Snæfellsnes, Kyn: kvk)

Mér hefur gengið mjög vel.

Valdimar (Skóli: Borgarholtsskóli, Kyn: kk)

Mér hefur gengið frekar vel.

Bang Gang (Skóli: Vesturland, Kyn: kvk)

Mér hefur gengið mjög vel.



Pixies (Skóli: Tröllaskagi, Kyn: kvk)

Mér finnst ég hafa byrjað illa útaf mig hefur alltaf langað að fara í annan skóla.

Maskína

Hvaða skóla hefði þig frekar langað að fara í?

Pixies (Skóli: Tröllaskagi, Kyn: kvk)

MH.

Queen (Skóli: Suðurnes, Kyn: kvk)

Það hefur gengið nokkuð vel. Eða betur en eg bjóst við.

Á móti sól (Skóli: Vesturland, Kyn: kvk)

Mér gekk frekar vel að byrja í framhaldsskóla. Mér fannst samt erfitt að fara úr grunnskóla þar sem maður þekkti alla kennara vitandi hvað þeir vildu af manni og fara í framhaldsskóla þar sem maður hafði ekki hugmynd eftir hverju kennararnir voru að leitast eftir. Það var einn áfangi sem mér leist ekkert á byrjun þar sem kennarinn átti svolítið erfitt að koma námsefninu frá sér en ég hef náð að kenna mér þennan áfanga sjálf með hliðsjón að aðferðum hans.

The Four Tops (Skóli: MH, Kyn: kvk)

Mjög vel. Ég var fljótur að setja mig inn í kerfið og eignast vini.

Van Halen (Skóli: Borgarholtsskóli, Kyn: kk)

Mjög vel.

Ramones (Skóli: Suðurnes, Kyn: kvk)

Mér hefur gengið alveg óásættanlega illa.

The Shadows (Skóli: Versló, Kyn: kvk)

Það gekk mjög vel, betur en ég hélt að það myndi gera.

Backstreet Boys (Skóli: Vestmannaeyjar, Kyn: kk)

Mjög vel.

Retro Stefson (Skóli: VMA, Kyn: kk)

Frekar vel.

Egó (Skóli: Vesturland, Kyn: kk)

Fyrst þegar ég byrjaði gekk mér illa en síðan gekk það bara vel.

The Kinks (Skóli: MK, Kyn: kvk)

Vel.

Jonas Brothers (Skóli: MA, Kyn: kk)

Yfir allt er hefur bara gengið vel en eftir veikindi, byggist vinna upp mjög hratt.

Bon Jovi (Skóli: Sauðárkrókur, Kyn: kvk)

Frekar vel. Mér fannst fyrst vera smá erfitt en síðan venst þetta.

Stranglers (Skóli: FG, Kyn: kvk)

Mér hefur gengið frekar vel.

**Var þessi framhaldsskóli sem þú ert í fyrsta val hjá þér?
Ef ekki, hvern valdir þú í fyrsta val?**

Rascal Flatts (Skóli: Suðurnes, Kyn: kk)

Þessi framhaldsskóli var fyrsta val.

Moses Hightower (Skóli: ME, Kyn: kvk)

Já hann var fyrsta val.

**Led Zeppelin (Skóli: MA, Kyn: kvk)**

Já.

Spice Girls (Skóli: FG, Kyn: kk)

Þetta var ekki skólinn sem ég valdi í fyrsta val. Ég var tæpur að komast inn í hinn skólann en komst ekki inn. Ég er samt glaður að vera í þessum skóla því það er gott kerfi í skólanum.

Sturla Atlas (Skóli: FG, Kyn: kk)

Nei FG var ekki fyrsta val. Versló var fyrsta val.

Alice Cooper (Skóli: Borgarnes, Kyn: kvk)

Já framhaldsskólinn sem ég er í, var mitt fyrsta val.

Rammstein (Skóli: Suðurnes, Kyn: kk)

Nei ég valdi Framhaldskóla Garðabæjar í fyrsta val.

Radiohead (Skóli: Suðurnes, Kyn: kk)

Ég fékk mitt fyrsta val.

Red Hot Chili Peppers (Skóli: VMA, Kyn: kvk)

Já ég valdi þennan skóla í fyrsta val.

Aerosmith (Skóli: Borgarnes, Kyn: kk)

Þessi skóli var í fyrsta vali hjá mér.

Earth, Wind & Fire (Skóli: Húsavík, Kyn: kk)

Já hann var fyrsta val.

Fifth Harmony (Skóli: Húsavík, Kyn: kvk)

Fyrsta val.

Boyz II Men (Skóli: Sauðárkrúkur, Kyn: kvk)

Já, þessi skóli var í fyrsta vali hjá mér.

Florence and the Machine (Skóli: Ísafjörður, Kyn: kvk)

Já hann var í fyrsta vali.

Mumford & Sons (Skóli: ME, Kyn: kvk)

Já hann var í fyrsta val.

Joy Division (Skóli: MA, Kyn: kvk)

Já hann var í fyrsta vali. Ég hef alltaf viljað að vera í þessum skóla síðan ég var 1. bekk.

Yes (Skóli: Borgarholtsskóli, Kyn: kk)

Nei hann var ekki í fyrsta, MS var fyrsta.

The Smiths (Skóli: Versló, Kyn: kk)

Þetta var fyrsta valið mitt.

Sugarcubes (Skóli: FG, Kyn: kvk)

